# Árið 1997

# FLUGTÖLUR

**Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð**

## FLUGFLOTI




Í árslok 1997 voru 332 loftför skráð á Íslandi á móti 330 á sama tíma árið áður. Þetta er um 1% fjölgun frá árinu áður. Skráð loftför hafa ekki verið fleiri sl. tíu ár.

Á árinu fjölgaði þungum loftförum (yfir 5.700 kg) um sex en hins vegar fækkaði léttum flugvélum (undir 5.700 kg) um fjórar. Þyrlum og svifflugum fjölgaði ekki.

Síðastliðinn áratug hefur íslenskum loftförum á skrá fjölgað að meðaltali um 1% á ári og meðaltalið sl. fimm ár er einnig það sama.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Gild skírteini einstaklinga í árslok 1997 voru 2.210 en það er 9% aukning frá árinu áður.

Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: einkaflugmenn 575, atvinnuflugmenn 540, flugvéltæknar 246, flugnemar 164, flugkennarar 116, flugumferðarstjórar 89, flugvélstjórar 44, svifflugmenn 40 og flugumsjónarmenn 29. Í árslok var 251 blindflugsáritun í gildi.

Á árinu fjölgaði flugnemum um 56% , flugumsjónarmönnum um 45%, flugkennurum um 15%, atvinnuflugmönnum um 8% og einkaflugmönnum um 6%. Blindflugsáritunum fjölgaði um 31%.

Hins vegar fækkaði flugvélstjórum um 19%, svifflugmönnum um 9%, flugvéltæknum um 5% og flugumferðarstjórum um 5%.

Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3% að meðaltali á ári. Meðaltalsaukning sl. fimm ár er 4% á ári.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 1997 fóru 73.355 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið eða 2% fleiri en árið áður.

Umferðin á árinu skiptist þannig að 83% hennar var atvinnuflug, herflug 9% og almannaflug 8%.

Síðastliðinn áratug hefur heildarumferðin um svæðið aukist um 1% á ári að meðaltali. Meðaltalsaukning sl. fimm ár er 3% á ári.

## FARÞEGAR INNANLANDS







Árið 1996 fóru alls 415.517 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli. Fjölgunin er 9% frá árinu áður.

Árið 1997 fjölgaði farþegum á öllum stærri áætlunarflugvöllum landsins nema einum; farþegum fjölgaði um 29% á flugvellinum á Sauðárkróki, 22% á Egilsstöðum, 14% á Húsavík, 12% í Reykjavík, 10% á Akureyri, 5% á Hornafirði og 3% á Ísafirði. Hins vegar fækkaði farþegum um 12% í Vestmannaeyjum.

Heildarfjöldi innanlandsfarþega á áætlunarflugvöllum landsins hefur að meðaltali aukist um 3% á ári sl. áratug. Meðaltalsaukning sl. fimm ára er 6% á ári.

## FARÞEGAR MILLI LANDA







Árið 1996 fjölgaði millilandafarþegum á íslenskum áætlunarflugvöllum um 7% og voru þeir 1.118.342 talsins. Þar af voru 317.065. áningarfarþegar á Keflavíkurflugvelli.

Á árinu fjölgaði millilandafarþegum um 38% á Egilsstöðum, 7% í Keflavík og 5% í Reykjavík en þeim fækkaði um 19% á Akureyri.

Sl. fimm ár hefur heildarfjöldi farþega í millilandaflugi aukist um 11% á ári að meðaltali.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 1.511 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi árið 1997, sem er 24% samdráttur miðað við árið áður. Vöruflutningar minnkuðu um 18% og póstur um 45%.

Flutningar á vörum og pósti drógust saman á öllum áætlunarflugvöllum: á Ísafirði um 44%, á Hornafirði um 34%, á Sauðárkróki um 32%, á Akureyri um 26%, í Reykjavík um 22%, á Egilsstöðum um 17%, í Vestmannaeyjum um 16%, og á Húsavík um 1%.

Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 10% á ári sl. áratug en um 13% á ári sl. fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um íslenska áætlunarflugvelli jukust um 11% árið 1997 og námu samtals 26.651 tonnum. Vöruflutningar jukust um 12% og póstur um 11%.

Árið 1997 jukust vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um Reykjavíkurflugvöll um 37% og 10% aukning varð á Keflavíkurflugvelli.

Sl. fimm ár hefur flutningur á vörum og pósti í millilandaflugi aukist að meðaltali um 16% á ári.

## FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Heildarfjöldi flughreyfinga (flugtaka og lendinga) á íslenskum áætlunarflugvöllum árið 1997 var 194.641 eða 8% fleiri en árið áður, þar af voru 170.971 í innanlandsflugi og 23.670 í millilandaflugi.

Í innanlandsflugi fjölgaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 1% á árinu en þær voru 56.635 talsins, snertilendingar (æfingalendingar) voru 65.522 sem er 17% aukning og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru 48.814 eða 8% fleiri en árið 1996.

Árið 1997 fjölgaði flughreyfingum á stærstu áætlunarflugvöllum landsins sem hér segir: á Sauðárkróki um 37%, í Keflavík um 17%, í Reykjavík og á Egilsstöðum um 11% og á Akureyri um 8%. Flughreyfingar á Húsavík stóðu í stað. Flughreyfingum fækkaði hins vegar um 14% í Vestmannaeyjum og um 7% á Ísafirði.

*1. tbl. 5. árg. Útgefið 9.5 1998.*

FLUGMÁLASTJÓRN

, í Vestmannaeyjum um -14%, á Ísafirði um

*Prentað á umhverfisvænan pappír.*

# FLUGTÖLUR

## Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

### Íslensk loftför á skrá 1988 - 1997

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1988 | 16 | 267 | 25 | 3 | 311 | 12,3% |
| 1989 | 16 | 279 | 24 | 4 | 323 | 3,9% |
| 1990 | 14 | 273 | 25 | 3 | 315 | -2,5% |
| 1991 | 18 | 273 | 24 | 5 | 320 | 1,6% |
| 1992 | 19 | 271 | 24 | 5 | 319 | -0,3% |
| 1993 | 24 | 264 | 26 | 5 | 319 | 0,0% |
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |
| 1997 | 41 | 255 | 31 | 5 | 332 | 0,6% |

### Skírteini einstaklinga 1988 - 1997

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1988 | 271 | 316 | 1.630 | 9,1% |
| 1989 | 311 | 360 | 1.649 | 1,2% |
| 1990 | 267 | 337 | 1.659 | 0,6% |
| 1991 | 232 | 423 | 1.642 | -1,0% |
| 1992 | 230 | 532 | 1.753 | 6,8% |
| 1993 | 256 | 155 | 1.920 | 9,5% |
| 1994 | 260 | 148 | 1.865 | -2,9% |
| 1995 | 267 | 309 | 1.910 | 2,4% |
| 1996 | 391 | 448 | 2.031 | 6,3% |
| 1997 | 486 | 525 | 2.210 | 8,8% |

### Skírteini einstaklinga 1997

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 44 | 38 | 272 | 19,3% | 12,3% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 0 | 4 | 10 | -16,7% | 0,5% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 10 | 88 | 250 | -2,7% | 11,2% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 1 | 1 | 8 | 60,0% | 0,4% |
| Blindflugsáritanir | 44 | 50 | 251 | 30,7% | 11,4% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 95 | 96 | 572 | 5,7% | 25,9% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 0 | 0 | 3 | 0,0% | 0,1% |
| Flugkennarar | 26 | 21 | 116 | 14,9% | 5,2% |
| Flugnemar | 159 | 5 | 164 | 56,2% | 7,4% |
| Flugumferðarstjórar | 2 | 37 | 89 | -5,3% | 4,0% |
| Flugumsjónarmenn | 3 | 6 | 29 | 45,0% | 1,3% |
| Flugvélstjórar | 8 | 22 | 44 | -18,5% | 2,0% |
| Flugvéltæknar | 13 | 83 | 246 | -4,7% | 11,1% |
| Fullgildingar | 80 | 72 | 116 | -0,9% | 5,2% |
| Svifflugmenn | 1 | 2 | 40 | -9,1% | 1,8% |
| | **486** | **525** | **2.210** | **8,8%** | **100,0%** |

### Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1988 - 1997

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1988 | - | - | 62.174 | 17,1% |
| 1989 | - | - | 66.929 | 7,6% |
| 1990 | - | - | 70.589 | 5,5% |
| 1991 | - | - | 64.660 | -8,4% |
| 1992 | - | - | 63.102 | -2,4% |
| 1993 | 18.142 | 46.813 | 64.955 | 2,9% |
| 1994 | 18.706 | 49.973 | 68.679 | 5,7% |
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |
| 1997 | 23.576 | 49.779 | 73.355 | 2,4% |

### Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1993 - 1997

| Ár | Atvinnuflug | Almannaflug | Herflug | Samtals | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|---|
| 1993*) | 57.769 | | 7.186 | 64.955 | 11% |
| 1994 | 57.160 | 5.086 | 6.433 | 68.679 | 9% |
| 1995 | 54.338 | 5.130 | 6.824 | 66.292 | 10% |
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 11% |
| 1997 | 61.343 | 5.671 | 6.341 | 73.355 | 9% |

**) Atvinnuflug og almannaflug ekki sundurliðað.*

### Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1997 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 393.541 | 12,0% | 47,4% |
| Akureyri | 152.231 | 10,4% | 18,3% |
| Vestmannaeyjar | 70.080 | -11,7% | 8,4% |
| Egilsstaðir | 66.021 | 22,0% | 7,9% |
| Ísafjörður | 60.480 | 2,8% | 7,3% |
| Hornafjörður | 18.501 | 4,8% | 2.2% |
| Húsavík | 16.373 | 13,5% | 2.0% |
| Sauðárkrókur | 14.964 | 28,9% | 1,.8% |
| Aðrir flugvellir | 38.842 | -0,1% | 4,7% |
| | **831.033** | **8,7%** | **100,0%** |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 17.324 áningarfarþegar eru ekki taldir með.*

### Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1997

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningar-/skiptifarþegar | Samtals | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 774.887 | 317.065 | 1.091.952 | 6,8% | 97,6% |
| Reykjavík | 21.812 | 0 | 21.812 | 4,8% | 2,0% |
| Akureyri | 3.878 | 0 | 3.878 | -18,5% | 0,3% |
| Egilsstaðir | 263 | 437 | 700 | 38,1% | 0,1% |
| | **800.840** | **317.502** | **1.118.342** | **6,6%** | **100,0%** |

### Vöru- og póstflutningar innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 1997 **)

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.074.6 | 143,8 | 1.218,4 | -22,3% | 40,3% |
| Akureyri | 440,8 | 111,9 | 552,8 | -25,1% | 18,3% |
| Egilsstaðir | 226,5 | 2,1 | 228,4 | -17,3% | 7,6% |
| Ísafjörður | 176,1 | 12,4 | 188,5 | -44,2% | 6,2% |
| Vestmannaeyjar | 123,6 | 28,6 | 152,2 | -16,0% | 5,0% |
| Sauðárkrókur | 103,5 | 0,0 | 103,5 | -31,7% | 3,4% |
| Hornafjörður | 65,6 | 2,1 | 67,7 | -34,4% | 2,2% |
| Húsavík | 38,9 | 0,0 | 38,9 | -0,7% | 1,3% |
| Aðrir flugvellir | 286,4 | 185,9 | 472,3 | -21,2% | 15,6% |
| | **2.536,0** | **486,8** | **3.022,8** | **-24,3%** | **100,0%** |

***) Vörur og póstur eru tvítalin, þ.e. bæði við brottför og komu.*

### Vöru- og póstflutningar milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 1997

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 23.569,7 | 2.041,8 | 25.611,4 | 10,0% | 96,1% |
| Reykjavík | 958,4 | 81,6 | 1.040,0 | 37,1% | 3,9% |
| | **24.528,0** | **2.123,4** | **26.651,4** | **10,8%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 1997

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 19.888 | 32.744 | 37.162 | 89.794 | 11,3% | 52,5% |
| Akureyri | 8.251 | 3.984 | 2.182 | 14.417 | 8,5% | 8,4% |
| Vestmannaeyjar | 10.858 | 1.796 | 182 | 12.836 | -13,5% | 7,5% |
| Egilsstaðir | 3.327 | 1.086 | 624 | 5.037 | 10,4% | 2,9% |
| Ísafjörður | 3.182 | 568 | 0 | 3.750 | -6,8% | 2,2% |
| Hornafjörður | 1.414 | 464 | 18 | 1.896 | -1,1% | 1,1% |
| Húsavík | 1.264 | 146 | 123 | 1.533 | 0,1% | 0,9% |
| Sauðárkrókur | 1.919 | 224 | 12 | 2.155 | 36,8% | 1,3% |
| Keflavík | 288 | 6.599 | 24.924 | 31.811 | 26,3% | 18,6% |
| Aðrir flugvellir | 6.244 | 1.203 | 295 | 7.742 | -18,3% | 4,5% |
| | **56.635** | **48.814** | **65.522** | **170.971** | **8,9%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 1997

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 97/96 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 12.695 | 6.787 | 19.482 | 4,6% | 82,3% |
| Reykjavík | 1.442 | 2.380 | 3.822 | 6,9% | 16,1% |
| Akureyri | 313 | 0 | 313 | -7,9% | 1,3% |
| Egilsstaðir | 31 | 22 | 53 | 29,3% | 0,2% |
| | **14.481** | **9.189** | **23.670** | **4,8%** | **100,0%** |

*Umsjón: Gunnar Þorsteinsson - Tölfræði: Óskar Tryggvi Svavarsson - Ljósmynd: Airbus Industrie - Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*